

Stjórnarbrjef og auglýsingar.

165
10. okt. — *Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um björgun á strönduðum fjármunum.* — Um leið og jeg leiði athygli yðar, herra amtmaður, að brjefi ráðgjafans fyrir Ísland frá 17. sept. þ. á. um björgunarsamninga, er prentað er í stjórnartíðindum þ. á. B. 135., vil jeg mælast til þess, að þjer brýnið fyrir sýslumönnum þeim, er undir yður eru skipaðir, innihald þessa brjefs og tjáið þeim, að þeir megi ekki búast við að fá endurgöldið úr landssjóði þje það, er þeir kynnu að leggja út fyrir björgun skipa og vara fram yfir það, er fá megi inn aptur með því að selja hina björguðu fjármuni á uppboði þar á staðnum, og ber hverjum lögreglustjóra að sjá um, að bjarglaun skips og vara aldrei verði meir en andvirði þess, sem bjargað er.

166
8. nóv. — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um brunngjörð á þjóðeign.* — Í brjefi frá 14. þ. m. hafði þjer, herra amtmaður, sent mjer bónarbrjef frá búöndum í hinni svo nefndu Ofanbyggjara girðing á Vestmannaeyjum um að fá 126 kr. eða að minnsta kosti 96 kr. styrk úr landssjóði til að gjöra nýjan brunn í nefndri girðingu. Í bónarbrjefinu og álitu sýslumannsins er tekið fram, að þeir sem búi í nefndri girðingu, sjeu auk prestsins á Ofanleiti landsetar landssjóðsins, og að afleiðingin af því, að hinn umræddi styrkur fengist ekki veittur, myndi verða, að landskuldir tjeðra búanda lækkuðu talsvert. En hvað sem nú þessu líður, verð jeg að álita það svo óvenjulegt að veita slíkan styrk og þann, er hjer er farið fram á, að fjárlög landsins veiti ekki nægilega heimild til slíkra veitinga, og með því að jeg hefi ekki umráð á öðru þje, er veita mætti slíkan styrk af, vil jeg biðja yður að tjá beiðöndunum, að jeg sjái mjer ekki fært að taka beiðni þeirra til greina.

167
10. nóv. — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um sönnun á fæðingarstað sveitarómaga.* — Hinn 28. dag ágústmánaðar 1876 úrskurðuðu þjer, herra amtmaður, að Einar nokkur Þjetursson væri sveitlægur í Svalbarðshreppi í Þingeyjarsýslu, og að þessi hreppur ætti að endurgjalda Geithellnahreppi sveitarstyrk þann, er Einar og hyski hans rjettilega hefði verið lagður af Geithellnahreppi. Úrskurður þessi er byggður á, að Einar sje fæddur í Svalbarðshreppi; en með því að hreppsnefndin í þessum hreppi áleit þetta ekki nægilega sannað, áfrýjaði hún úrskurði yðar hingað, og vil jeg nú eptir að hafa meðtekið þær ítarlegri skýrslur, sem leit að hefir verið sumpart í Norður-Múlasýslu, sumpart í Þingeyjarsýslu, tjá yður það, er eptir fer, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum.

Samkvæmt vottorði prestsins á Svalbarði hafa þau árin, er greindur Einar hefir átt að fæðast alls ekkert verið innfært í kirkjubækurnar í nefndu prestakalli. Þar á móti sjest það af manntalsbók Þingeyjarsýslu, er virðist koma í þessu tilliti heim við sveitarbók Svalbarðshrepps, að faðir Einars hafi vorin 1844 og 1845 búið í Hvappi í Þistilfirði, og virðist það einnig nægilega ljóst, að hann hafi flutt sig þangað frá Hólsseli á Fjöllum. Þegar Einar fyrst var yfirheyrður af hreppstjóranum í Geithellnahreppi um framfærsluhrepp sinn, skýrði hann frá, að hann væri fæddur um miðsumarsleiti (13. viku sumars) 1843 í Hvappi og þenna framburð staðfesti hann síðar fyrir rjetti, um leið og hann skýrði frá, að foreldrar hans hefðu að eins búið 2 ár í Hvappi, og að hann væri

fermdur 15 ára gamall í Prestshólakirkju, og þegar þar eptir var leitað vottorðs úr viðkomandi kirkjubók um þetta, sýndi hún, að Einar væri fermdur árið 1860 «á 16 aldursári»; um fæðingarstað Einars inniheldur Prestshólakirkjubók enga skýrslu, þar á móti er þess getið við ferminguna, að hann sje fæddur 22. febr. 1844. Þessar skýringar lágu fyrir, þegar hinn áfrýjaði amtsúrskurður var kveðinn upp, og er áfrýjun Svalbarðshrepps einkum byggð á, að úrskurðurinn komi í bága við það, sem sannað sje um, að foreldrar Einars fyrst hafi flutzt inn í Svalbarðshrepp 1844, þar sem hins vegar Einar sjálfur hafi skýrt frá, að hann hafi verið fæddur sumarið 1843 og kirkjubókarvottorðið frá Presthólum segir hann fæddan veturinn 1843—44.

Hvað nú fyrst kirkjubókarvottorð þetta snertir, þá hefir prestur sá, sem 1860 var á Prestshólum, nú skýrt frá, að hann þori ekki að fullyrða, að hann hafi haft fyrir sjer vottorð hlutaðeiganda prests eða aðra áreiðanlegu vissu, þegar hann tilferði í kirkjubókinni fæðingardag Einars, og að sig «minni fastlega, að Einar sje í Hvappi fæddur». En í sambandi hjer við verður að gæta þess, að tjeð fermingarvottorð virðist sjálfu sjer ósamkvæmt, þegar það segir Einar fermdan 1860 á 16. aldursári en fæddan 22. febr. 1844, því hefði hann verið fæddur þenna dag, hlyti hann að hafa verið kominn á 17. aldurs ár, þegar hann fermdist vorid 1860.

Fermingarvottorðið virðist því í rauninni með skýrslu sinni um, að Einar hafi verið fermdur á 16. aldursári 1860, að sanna, að hann hafi verið fæddur einhverju tíma á árinu 1844 eptir hinn venjulega fermingartíma, og kemur þetta vel heim við framburð Einars um að vera fæddur í 13. viku sumars, og með því nú að Einar undir nýju rjettarhaldi í málinu hefir skýrt frá, að hann í rauninni sje fæddur 1844, og að hann muni áður af vangætni hafa sagt sig einu ári eldri, en hann í raun og veru er, virðast nú allar skýrslur málsins að koma heim við framburð Einars sjálfs um, að hann sje fæddur í Svalbarðshreppi.

Samkvæmt því sem þannig er sagt, og með því ekkert hefir komið fram um, að opt nefndur Einar hafi áunnið sjer sveit fyrir utan fæðingarhrepp sinn, skal úrskurður sá, er þjer, herra amtmaður, hafið lagt á málið, óraskaður standa.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um verðlagsskrá.* — Út af ályktun neðri deildar alþingis þar sem skorað er á landshöfðingja að hlutast til um, að hjer eptir verði aðskilin verðlagsskráin fyrir Skaptafellsýslu, þannig að eystri sýslan hafi verðlagsskrá út af fyrir sig, og hin vestari aðra fyrir sig (sbr. alþingistíðindi 1879 I bls. 21), vil jeg hjer með þjónustusamlega fela stiptsyfirvöldunum úrlausn þessa máls samkvæmt því, sem fyrirskipað er í konungsúrskurði 16. júlí 1817.

— *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um gjalddaga heytolls.* — Í brjefi frá 9. f. m. hafa stiptsyfirvöldin sagt mjer álit sitt um fyrirspurn prestsins á Vestmannaeyjum, hvort honum samkvæmt lögum 14. des. 1877 um skattgjöld á Vestmannaeyjum beri heytollur frá 1. janúar þ. á., og sje ekki svo, hvort honum þá beri uppbót úr landssjóði.

Þjer takið fram, að samkvæmt hinum almennu reglum um greiðslu heytolla sje gjalddagi þessa gjalds á haustin, þegar lömb almennt eru rekin í fóður, og geti samkvæmt lögum frá 14. des. 1877 Vestmannaeyingum því varla borið nein skylda til að

167

10. nóv.

168

10. nóv.

169

10. nóv.